

Ráðherra, alþingismenn,  
ágætu aðalfundarfulltrúar og gestir!

Hvar erum við stödd? Í miðri kosningabaráttunni, aðeins 9 dögum frá kjördegi. Frambjóðendur eru í óða önn að kynna stefnu sinna flokka og sannfæra okkur kjósendur um að best sé að kjósa þá. Ef marka má trillkarla, þá er fólk óákveðið.

Þeir spyrja um:

- Veiðigjald
  - Strandveiðar
  - Ívilnun til umhverfisvænna veiða
  - Afnám kvótasetningar á makríl

Auk þessa ætla ég að fjalla um

- Fiskverð
- Lífeyrissjóðsmál
  - Grásleppuveiðar
- Ákvörðun um heildarafla
  - Samþjöppun veiðiheimilda
  - Kjaramál
  - Félagið okkar – Landssamband smábátæigenda – og mikilvægi þess að allir smábátæigendur séu í sama félagi.

## Veiðigjaldið

Engar breytingar hafa verið gerðar á útreikningi veiðigjalds. Enn er öllum útgerðum og vinnslum húrrað saman í eina krús og veiðigjaldið reiknað fyrir hverja fisktegund útfrá hagnaðinum sem þar liggur. LS hefur ástæðu til að ætla að aðferð til veiðigjaldaútreiknings komi þannig harðar niður á minnstu útgerðunum – krókaafلامarki og strandveiðum.

- **Stærstu útgerðirnar hafa vinnslu sér við hlið**
- Veiðiheimildir þeirra stærstu eru í fjölmörgum tegundum á móti því að tvær tegundir þorskur og ýsa bera uppi heimildir smábáta.
- Kostnaður við kvótaleigu er óverulegur hjá stærstu útgerðunum en að sama skapi verulegur hjá smábátum
- Flestum smábátum er aðeins heimilt að nota línu og handfæri við veiðar, sú takmörkun á ekki við í aflamarkinu.

Auk þess sem hér er upptalið er rétt að vekja athygli á gjöldum sem leggjast ofan á veiðigjald við strandveiðar. Auk veiðigjalds er gjald til uppbygginga hafna og gjald fyrir veiðileyfi. Þegar miðað er við meðalafli í þorski hjá þessum hópi er gjaldtakan þar fjórðungi hærrí en hjá öðrum útgerðarflokkum. Miðað við þorskverð á nýliðinni strandveiðivertíð 204 kr/kg nema þessi þrjú gjöld 11,3% af meðaltalsaflaverðmæti.

LS hefur sett gríðarlega orku í að vinna að þessu málefni. Afstaða félagsins er skýr þar sem stefnan er sett á að komið verði til móts við **litlar og meðalstórar útgerðir**. Nokkuð sem alþingismönnum í öllum flokkum er tamt að grípa til þegar veiðigjald er rætt.


LS leggur áherslu á að gjaldið verði þrepaskipt. **Þeir sem minnstar** veiðiheimildir hafa greiði fjórðung af veiðigjaldi. Hlutfallið hækki svo

með auknum aflaheimildum og hjá þeim sem mestar hafa verði gert að greiða álag á útreiknað veiðigjald. Með þessari aðferð væri komið til móts við litlar og meðalstórar útgerðir.

Ég hvet ykkur kærur félagar að leggjast á árarinnar og vinna þessari tillögu brautagengi í kosningabaráttunni sem nú stendur yfir.

## Strandveiðar

Nokkru færri stunduðu veiðarnar í ár en á undanförunum árum.




Ýmsar ástæður eru fyrir því. Fjórðungslækkun á fiskverði kom í veg fyrir að veiðarnar yrðu vænlegar til að skila viðunandi afkomu og gott atvinnuástand í landi gerðu mönnum auðveldara með að sleppa strandveiðum að þessu sinni.

Fiskverðið er ekki eðlilegt, var margsinnis sagt á sl. sumri. Orð að sönnu, þegar upp var staðið aðeins 204 kr meðalverð. Ýmsar skýringar gefnar t.d. að vinnslan var að taka meira til sín vegna launahækkana sem orðið hefðu hjá fiskvinnslufólki. Grundfirðingar

brugðust við hinu lága verði og ákváðu að selja á fiskmarkaði í Bretlandi. Tilraunin gekk vel. LS íhugar nú hvort rétt sé að undirbúa sölu beint á erlenda markaði af bátum félagsmanna.

**Fjöldi daga** sem opið var fyrir veiðum voru með mesta móti



Gríðarleg keppni var um aflakóngstílinn. Hann fór að þessu sinni til Djúpavogs – Jón Ingvar Hilmarsson á Birtu SU veiddi 44,8 tonn. Til **hamingju** Jón Ingvar.

1	2635	Birta SU 36	56 róðrar	44.833
2	7450	Hulda SF 197	56 róðrar	44.206
3	7401	Ásbjörn SF 123	57 róðrar	43.578
4	2147	Natalía NS 90	57 róðrar	42.657
5	2491	Örn II SF 70	58 róðrar	40.823

6	7400	Snjólfur SF 65	55 róðrar	39.834
7	7180	Sæunn SF 155	51 róðrar	38.171
8	2596	Ásdís ÓF 9	49 róðrar	37.809
9	7082	Rakel SH 700	50 róðrar	36.894
10	2428	Mýrarfell SU 136	52 róðrar	36.756

Við upphaf strandveiða tókst að fá viðbót við áður ákveðna viðmiðun þegar 200 tonnum var bætt við D-svæðið. Í ágúst rataði samþykkt stjórnar um hækkun á viðmiðun einnig í gegnum kerfið þegar ráðherra ákvað að hækka viðmiðun um 560 tonn. Báðar þessar aðgerðir skiptu miklu máli fyrir afkomu af veiðunum.

Þá hefur ráðherra ákveðið að viðmiðun til strandveiða fyrir árið 2018 hækki um 11%, verði 10.200 tonn. Krafa LS um samfeldar veiðar 4 daga í viku frá 1. maí til 31. ágúst er því innan seilingar.

### Ívilnun til umhverfisvænna veiða

Á fundi stjórnar LS þann 28. júlí var ákveðið að fara inn á nýjar brautir varðandi ívilnun. Eftirleiðis yrði lögð áhersla á hversu umhverfisvænar línuveiðar væru og skiluðu úrvals hráefni að landi. Ályktunin var eftirfarandi:

**Stjórn LS ítrekar** fyrri ályktanir um línuívilnun fyrir alla dagróðrabáta minni en 30 brúttótonn.

*Greinargerð.*

*Línuveiðar dagróðrabáta eru afar umhverfisvænar og skila fiski í hæsta gæðaflokki til áframhaldandi meðhöndlunar í landi.*

*Auknar línuveiðar auka þannig gott orðspor íslensks sjávarútvegs í umgengni um náttúruna og ferskleika aflans.*

Hér er sannarlega verk að vinna. Til línuívilnunar eru ætluð 5.700 tonn, mest þorskur 3.375 tonn, ýsa 1.355 tonn og steinbítur 700 tonn. Þá eru langa, keila og karfi einnig í ívilnuninni. Á undanförunum þremur fiskveiðiárum hefur bátum í línuívilnun fækkað um fjórðung. Voru 199 fiskveiðiárið 2013/2014 en á síðasta ári aðeins 149. Það varð til þess að ívilnunin nýttist ekki öll. 1.437 tonn skilin eftir mest af því þorskur 781 tonn.

Hljómgrunnur er fyrir því í þjóðfélaginu að bæta umgengni okkar um náttúruna, vera enn umhverfisvænni en við erum í dag. Formaður okkar hefur bent á að ívilnað sé á mörgum sviðum í þjóðfélaginu til bóta fyrir umhverfið – m.a. nefnt niðurfellingu gjalda á rafbifreiðum.

Eins og komið hefur fram fer þrýstingur vaxandi á að aflétta veiðafæratáknörkunum í krókaflamarkinu. Félagar okkar í SSÚ sem telja sig enn ekki eiga samleið með LS hafa beinlýnis lagt þetta til við stjórnvöld. LS bíður niðurstöðu þessa fundar um hver afstaða félagsins er.

Ég er þeirrar skoðunar að LS eigi að leggjast gegn því að krókaflamarksbátar fái leyfi til að fara á þorskanet. Við eigum að styrkja línuveiðar og blása í segl þeirra sem láta sér umhverfismálin varða. Að gera kröfu um að stjórnvöld breyti lögum um línuívilnun. Hún verði hér eftir kölluð umhverfisívilnun og eigi við allar krókaveiðar. Með aukinni ívilnun væri risastórt skref stigið í að auka vægi umhverfisvænna veiða samtímis að koma til móts við aukinn kostnað við línuveiðar.

Rétt er að halda því til haga að meðalverð á óslægðum netþorski á fiskmörkuðum á síðasta fiksveiðiári var 33 krónum lægra en á línuveiddum. Netaveiðar hafa sífellt farið minnkandi á undanförunum árum enda eiga þær erfitt uppdráttar hjá umhverfisverndarsamtökum

sem eru risastór áhrifavaldar í neysluvenjum almennings. Það er því hætt við að það sé skammgóður vermír að hverfa frá línuveiðum til netaveiða. Helstu rök gegn því frá mínum sjónarhóli eru:

- **Aflaverðmæti lækkar**
- Markaðsetning verður erfiðari
- Orðspor íslensks sjávarútvegs mun skaðast
- Framboð á ferskum línufiski mun minnka
- Útlutningsverðmæti fyrir fisk mun lækka
- Skaðar afkomu þeirra sem stunda netaveiðar í dag
- Vinnsla á netafiski nánast einskorðuð í salt

Þeir sem kaupa af okkur sjávarafurðir eru einróma þeirrar skoðunar að fiskur veiddur á krók sé besta hráefni sem þeir eiga völ á.

Frá fylgjendum þessara tillögu er því einnig haldið fram að umgengni um auðlindina verði áfram góð. Öll net dregin um borð í hverri sjóferð. Jú – það er örugglega ætlunin, en hversu langur tími haldið þið að líði frá því að upp komi vandamál tengd þessu og sýnt þykir að krafan sé óraunhæf.

*Varð að skilja 3 trossur eftir því það brældi snögglega.*

Stutt í öryggissjónarmiðin.

Af þessum sökum og mörgum öðrum tel ég ekki rétt að samþykkja tillögu sem hér liggur fyrir um afnám veiðafæratáknarkana í krókaafلامarki.

En hvað er þá til ráða til að létta undir útgerð línubáta?


Við því er eitt svar: Að flykkja sér á bakvið kröfu LS um ívilnun fyrir alla dagróðrabáta minni en 30 brúttótonn. Fara fram á að það sem nýttist ekki á síðasta ári verði bætt við heimildir þessa árs.

Þangað til sýnt þykir að línuívilnun dugi er sjálfsagt að samþykkja hámark á hversu mikið geti farið í ívilnun í hverri sjóferð. Náist samstaða meðal smábátaeigenda um þessa kröfu er ég sannfærður um að hún fæst samþykkt hjá stjórnvöldum.

Smábátaeigendur hvar í hópi sem þið eruð – þið verðið að tala einum rómi. Öll sundrung í smá fylkingar hér og þar er ávísun á erfiðara rekstrarumhverfi ykkur til handa. Sundrung er vatn á millu stjórnvalda og hún er notuð í bak og fyrir til grafa undan heildarsamtökum. Það á ekki eingöngu við hjá einyrkjum í sjávarútvegi. Vinir okkar – LS í landbúnaðinum var bent á að þar væru nú ekki allir sammála forystunni.

## Fiskverð

Leita þarf allt aftur til ársins 2007 til að sjá lægra verð fyrir óslægðan þorsk á mörkuðum og fékkst á sl. sumri.



Vert er að gefa sérstakan gaum af verðlækkun sem varð í ár. Milli lækkaði verð fiskmörkuðum mun meira en útflutningsverðmæti fersks þorsks - 22,3% á móti 15,4%.



maí - ágúst	Verð á fiskmarkaði		Útflutningur	
2016	273 kr/kg	2,01 €/kg	1.286 kr/kg	9,46 €/kg
2017	212 kr/kg	1,80 €/kg	1.087 kr/kg	9,22 €/kg
Breyting	-22,3%	-10,5%	-15,4%	-2,5%

LS mun fylgjast með þessari þróun. Ljóst er að laun í vinnslunni hafa hækkað, en á móti kemur aukin sjálfvirkni sem lítil sem engin áhrif hefur á launakostnað.

Á aðalfundum svæðisfélaganna hafa komið upp raddir sem kalla eftir að skipulögð verði sala beint frá sjómanni á markað erlendis. Ég get upplýst að það mál er í skoðun en engin ákvörðun hefur verið tekin enda málið afar snúið og áhættusamt.

Ánægjulegt er að sjá að verð á óslægðum þorski hefur tekið við sér á nýbyrjuðu fiskveiðiári. Hækkunin nemur 3% miðað síðasta ár og verðbreyting milli mánaða í ár, ágúst - september er 26%.

## Makrill

Veiðarnar gengu verr en í fyrra, náði rétt helmingi þess sem veitt var á árinu 2016. Veiðunum var stjórnað með kvótasetningu og leigupotti við hliðina sem gefur áhugasömum kost á að hefja veiðar. LS kynnti nýjum ráðherra sjónarmið sín í makrílnum að hlutur smábáta í leyfilegum heildarafla verði 16% og veiðar yrðu gefnar frjálssar upp að þeim mörkum. Ráðherra samþykkti það ekki og undirritaði óbreytta reglugerð um stjórnun veiðana.

Gera má ráð fyrir að tíminn vinni með LS í þessu málefni, t.d. hefur umhverfisvænleiki veiðanna skorað fleiri stig en áður.

**Alls veiddu smábátar** 4.800 tonn af makrill á árinu. Gera má ráð fyrir að aflaverðmæti hafi numið um 250 milljónum.

Minnkandi veiði er áhyggjuefni samfara því að allt útlit er fyrir að aflaheimildir verði minnki. Við þetta bætist að fáar vinnslur sína makrílveiðum smábáta áhuga. Markaður er því takmarkaður og heftir

mjög þátttöku í veiðunum. Er vonandi að breyting verði á og áhugasamir vinnsluaðilar sýni veiðunum áhuga.

Fjóla GK var aflahæst.

Makrílafli smábáta 2017			
Röð	Skip nr.	Nafn	Afli
1.	1516	Fjóla GK 121	280 tonn
2.	2763	Brynja SH 236	274 tonn
3.	2405	Andey GK 66	263 tonn
4.	1986	Ísak AK 67	213 tonn
5.	2739	Siggi Bessa SF 97	199 tonn
6.	2106	Addi afi GK 97	185 tonn
7.	2800	Tryggvi Eðvarðs SH 2	183 tonn
8.	2657	Sæbliki SH 32	165 tonn
9.	2830	Álfur SH 414	157 tonn
10.	2256	Guðrún Petrína GK 107	154 tonn

## Grásleppuveiðar

Veiðarnar hófust á hefðbundnum tíma 20. mars. Töluverðrar bjartsýni gætti fyrir vertíðina um að verð mundi hækka umtalsvert. Eftir að nokkrir tugir bátar voru komnir með veiðarfæri í sjó dró úr þeim vonum. Kaupendur spiluðu sömu rulluna, ekki svigrúm fyrir hækkun, en verið vissir um að ég mun greiða hæsta verðið.

Nú brá svo við að veiði var dræm á upphafsdögum vertíðarinnar sem varð til að minnka áhuga á að hefja veiðar.

Framleiðendur brugðust við með því að hækka verð og þokaðist það upp á við alla vertíðina og einnig eftir að henni lauk. Uppbætur á verð eru nú að berast mönnum og sýnist mér að meðalverðið á vertíðinni ætli að enda í 195 kr/kg, sem er 40 króna hækkun milli ára.

Uppákoma varð á miðri vertíð. LS hafði tilkynnt ákvörðun grásleppunefndar þar sem lagt var til að fjöldi veiðidaga yrðu 36.

Ákvörðun LS lá fyrir í lok mars. Í kjölfarið gaf ráðuneytið út reglugerð sem staðfesti að þann fjölda daga sem LS hafði lagt til, sem voru 4 fleiri en á undanförunum fjórum vertíðum.

Upp úr miðjum apríl barst LS erindi frá ANR, þar sem óskað var eftir álitum LS á beiðni forsvarsmanna Vignis G Jónssonar Akranesi (nú HB Grandi) um fjölgun veiðidaga. LS svaraði erindinu 18. Apríl og sagði afstöðu félagsins óbreytta – 36 veiðidagar væru hæfileg lengd á vertíðinni.

Í lok apríl kom tilkynning frá ráðuneytinu um að ráðherra hefði ákveðið að veiðidagar á vertíðinni yrðu 46. Af þessu tilefni var eftirfarandi ritað á heimasíðu LS:

Með ákvörðuninni er litlu skeytt um skipulag og hagsmuni grásleppusjómannna. Alls höfðu 62 bátar lokið veiðum og þar með dregið upp öll net þegar tilkynnt var um ákvörðun ráðherra. Hægt er að fullyrða að aldrei í sögunni hefur uppkoma sem slík úr stjórnsýslunni hent grásleppusjómenn.

Fæstir þeirra 62 báta sem lokið höfðu veiðum hófu þær aftur. Mikillar gremju gætti hjá þessum aðilum. Óánægjan hefur leitt til málaferla á hendur ráðherra þar sem krafist er bóta vegna tjóns sem viðkomandi varð fyrir.

Aflahæsti báturinn á vertíðinni var Sunna Rós SH með rúm 50 tonn, en eigandi, útgerðarmaður og skipstjóri hennar er Axel Helgason formaður LS, til hamingju Axel.

Alls átta bátar veiddu meira en 40 tonn.

## Grásleppuafli smábáta 2017

Röð	Skip nr.	Nafn	Afli
1.	2810	Sunna Rós SH 123	50.133 Kg
2.	2070	Fjóla SH 7	47.056 Kg
3.	2384	Glaður SH 226	43.355 Kg

4.	7421	Kristbjörg SH 84	42.867 Kg
5.	2830	Álfur SH 414	42.369 Kg
6.	1954	Hugrún DA 1	41.245 Kg
7.	6218	Jökull SH 339	40.892 Kg
8.	1922	Finni NS 21	40.413 Kg
9.	7311	Hanna Ellerts SH 4	38.568 Kg
10.	2666	Glettingur NS 100	38.517 Kg

**Í töflunni** sem hér fylgir gefur að líta yfirlit um veiðarnar sl. 3 ár.

	2015	2016	2017
Virk leyfi	323	245	250
Afli	6.253 Tonn	5.413 Tonn	4.542 Tonn
Afli pr. bát	19,4 Tonn	<b>22,1 Tonn</b>	18,2 Tonn
Veiðidagar	10.368	7.200	10.360
Afli pr. dag	603 Kg	556 Kg	438 Kg
Heil grásleppa	204 kr/Kg	155 kr/Kg	195 kr/Kg
Heildarveiði	11.990 Tunnur	10.330 Tunnur	<u>8.651 Tunnur</u>

Það er skoðun forsvarsmanna LS að öflug upplýsingagjöf á vertíðinni hafi leitt til þess að verð hækkaði um fjórðung milli ára. Nú er þrýst á að allir kaupendur sem búnir voru að lofa hæsta verði standi við orð sín.

Af veiði annarra þjóða er það að fréttu að afli jókst bæði í Noregi og Grænlandi. Heildarveiði þessara þriggja þjóða varð um 18 þúsund tonn. Það er ekki umfram það sem markaðurinn kallaði eftir og má því búast við verðhækkun á vertíðinni 2018 – að öllu óbreyttu.


## Ákvörðun um heildarafla


Smábátæigendur eru orðni langþreyttir á að ekki skuli vera bætt duglega við leyfilegan heildarafla í þorski. Það er skoðun LS að nú þegar eigi að tilkynna Alþjóða Hafrannsóknaráðinu að stjórnvöld á Íslandi hafi ákveðið að færa aflareglu í 22%. Bæði veiði- og

hrygningarstofnar eru í sögulegu hámarki þegar skilgreining er sett við hálfu öld.

LS hvatti ráðherra og færði með því gild rök að heimila 311 þúsund tonna afla. Ráðherra varð ekki við beiðni LS og ákvað að fylgja ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar í einu og öllu – 244 þúsund tonn.


Hér er fylgja nokkrar glærur úr kynningu LS um ráðgjöf fyrir heildarafla.





Auk þessa er rétt að geta þess að sterkir þorskárgangar bíða í röðum eftir að smella inn í veiðistofninn og því verulega bjart framundan.

Glæra LS um nýliðun **staðfestir þetta**





## Veiðiheimildir á færri hendur

Í júní árið 2013 ákváðu stjórnvöld að breyta stærðarviðmiðun krókaafلامarksbáta. Stærðarmörkin voru færð úr 15 brt í 30 brt þannig að lengd báts næði að 15 metrum. Ákvörðunin var gerð í óþökk Landssambandsins en að kröfu örfárra aðila, sem farið hafa í skrefum um stjórnkerfi fiskveiða án þess að byggja ákvörðun sína á hagsmunum heildarinnar.

Á síðasta ársfundi okkar vakti ég athygli á að ein afleiðing þessa væri að veiðiheimildir færu sífellt á færri hendur sem leiða mundi til einsleitari útgerðarflóru.

Fjöldi báta með hlutdeild í krókaafلامarsskerfinu er nú kominn niður í 258 sem er 19 færri en þeir voru í fyrra. Þá eru 50 efstu bátarnir komnir með 82,9% í samanlagða hlutdeild í þorskígildum. Með öðrum orðum – talan 19 kemur aftur upp, en nú í prósentum heimilda sem 208 **bátar deila með sér.**





Þá hefur fjöldi báta sem veiða í krókaafلامarkskerfinu fækkað um 119 á síðustu fjórum fiskveiðiarum, úr 638 í 519, þar af um 40 á því síðasta

## Afli smábáta minnkar milli ára

Afli smábáta á aflamarki, strandveiðibáta, krókaafلامarksbáta, grásleppubáta og **makríl báta varð**.


**84.642 tonn**

Fjöldi báta bakvið aflann – 559 í krókaafلامarki, 133 í aflamarki og 109 (594) eingöngu á strandveiðum.

Alls veiddu smábátæigendur um 55 þúsund tonn af þorski sem jafngildir 23,5% af því sem veitt var í íslenskri lögsögu.

Hlutdeild smábáta í heildarafla ýsu var enn meiri eða 28,4% - 9.861 tonn. Þar af voru krókabátar **með 27,5%**.





Trillukarlar veiddu 3.566 tonn af steinbít sem jafngildir 47,5% hlutdeild.

Til að enda þessa talnarunu er rétt að geta þess að heildaraflaverðmæti smábáta fiskveiðiárið 2016/2017 varð **18 milljarður, lækkar** um 5 milljarða frá milli ára eða rúman fimmtung. Þá tölu er hægt að tvöfalda þegar litið er til útflutningsverðmæta sem skilar um 36 milljörðum.

## Kjaramál

LS hefur átt í viðræðum við sjómannasamtökin um gerð nýs kjarasamnings. Síðasti fundur var haldinn 1. júní sl. Ekki hefur tekist að ná samkomulagi um gildissvið samningsins. LS gerir þá kröfu að samningurinn rúmi alla félagsmenn þeirra, þ.e. báta < 30 brt. Sjómenn vilja hins vegar binda samninginn við báta < 15 brt. Deilan er í hnút og getur allt eins farið að henni verði vísað til sáttasemjara á næsta fundi.

## Félagið okkar – Landssamband smábátaeigenda

Á undanförunum árum hafa komið upp nokkur ágreiningsmál innan LS. Reynt hefur eftir fremsta megni að leysa þau í sátt. Niðurstaða hefur hins vegar leitt til þess að einstaka aðilar hafa yfirgefið LS. Við það hefur slagkraftur beggja aðila minnkað.

Dæmi um þetta eru stærðarmörk smábáta sem voru LS mjög erfið. Félagið var andvíg stækkun úr 15 brt upp í 30 brt. og benti á fjölmörg rök máli sínu til stuðnings sem nú eru hvert af öðru að fylla fang félagsins. Stjórnvöld tóku hins vegar þá ákvörðun að hunsu hagsmuni heildarinnar og heimila stækkun bátana. Þeir sem kröfðust stækkunar sögðu skilið við LS og stofnuðu nýtt félag Samtök smærri útgerða. Barátta smábátaútgerðarinnar á öruggu starfsumhverfi þvarr kraftur vegna þessa. Báðir hópar berjast nú hver á sinni vígstöðinni þar sem stjórnvöldum er í lófa lagið að spila á sundurlindisfjandann. Meðvituð um að stutt er í hugsunarhátturinn; ef ég fæ ekki mitt þá er ég farinn, hugsunarháttur sem fer vaxandi. Ekki aðeins hjá smábátæigendum, heldur upp í sjálfa ríkisstjórn landsins sem í því tilfelli snérist í höndum samstarfsflokksins.

Annað dæmi er markillinn. Þar hunsuðu stjórnvöld hagsmuni heildarinnar og ákváðu að kvótasetja hann. Þeir sem þess höfðu krafist yfirgáfu LS og stofnuðu félag makrílveiðimanna. Kraftar beggja fyrir öruggu umhverfi til makrílveiða hafa sundrast.


Hvorutveggju sem hér er nefnt dæmir sig sjálf. LS hefur ákveðið að einbeita sér í nokkurn tíma til að þjappa smábátæigendum saman í einn hóp. Ræða við bæði félögin og athuga hvort ekki er hljómgrunnur fyrir að sameina kraftana og koma fram sem ein heild.

Benda má á mörg dæmi um árangur af slíku. Það sem kemur einna fyrst í hugan er árangur íslenska fótþoltalandsliðsins. Varla nokkur maður í því liði utan Gylfa sem kæmi til álita í tyrkneska landsliðið, en hvernig fór. Við unnum þrjú núll – liðsheildin vann saman sem einn maður.

### Víkingaklappið á skjánum

Einnig er hægt að benda á árangur sem náðst hefur í strandveiðum. Fyrstu árin héldu menn að þeir næðu lengra með því að kljúfa sig frá LS og stofna sér félag. Komust síðan að því að best væri að setja taumana í hendurnar á LS. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa. Frá 2011 hafa heimildir til

strandveiða aukist um 31% og fyrir liggja heimildir eins og áfyrir árið 2018 sem setur aukninguna í 44%.



Eitt af því sem fundið er að við skipulag LS er atkvæðavægi félagsmanna. Að sá sem greiðir lágmarksgjaldið 20 þúsund fer með eitt atkvæði jafnt og sá sem greiðir hámarkið 500 þúsund.

Á fundi stjórnar þann 6. október sl. var þetta rætt. Niðurstaðan varð sú að breyta ekki þeirri reglu að sérhver bátur hefði eitt atkvæði. Hins vegar samþykkti stjórnin að lækka hámark á félagsgjaldi niður í 300 þúsund og fyrir fleiri en einn bát í eigu sama aðila væri hámarkið 600 þúsund.

Lágmarksgjald yrði hins vegar hækkað sem næmi vísitöluhækkun upp í 26 þúsund krónur. Árgjald til LS 2018 verður því með þessum hætti auk venjubundins gjalds  $\frac{1}{2}$ % af aflaverðmæti.

**Að þiggja frá LS án greiðslu** er kannski rétta lýsingin á því að segja sig frá LS en halda áfram smábátaútgerð. Margir þeirra fá línuviltun, afslátt af veiðigjaldi og fullgerða kjarasamninga. Í dauða tímanum sem ekki er til hjá LS hefur innheimta útistandandi félagsgjalda verið verkefni. Nýlegt dæmi af aðila sem á ógreitt frá 2014 og ég glími við að frá greitt er það sjónarmið að hann hafi ekkert þurft að sækja til LS. En það er nú öðru nær. Við útreikning

á línuívilnun og skattaafslætti sló ég á töluna 208 milljónir sem væri leigukvóti þess sem línuívilnun gaf og 25 milljónir hafði hann fengið í skattaafslátt – alls 233 milljónir. Þessi tvö atriði eru tekin þ.s. LS á þau nánast skuldlaust. Það er erfitt að eiga við þessi málefni, en sýnir glögggt hverju hagsmunagæsla LS hefur skilað.

Í verkfallinu réru bátar sem eru í eigu fyrrverandi félagsmanna í LS. Þeir studdu rétt sinn við lögfræðialit sem Landssamband smábátæigenda hafði gert ásamt því að nota kjarasamninga þess til uppgjörs. Ég ætla þessum aðilum ekki annað en að erfitt sé að glíma við samviskubitið, að greiða ekkert til LS en njóta þess sem félagið hefur unnið í baráttu sinni fyrir auknum réttindum.

Í viðræðum við þessi tvö smábátafélög – gætu jafnvel verið þrjú, ef lífsmark er með Landssambandi línubátæigenda sem var stofnað til að ná burtu línuívilnun en forsvarsmaðurinn nú að gera út á línuívilnun – verður höfðað til framan greindra þátta. Höfðað til þess að einn og sami aðillinn stjórni réttindabaráttu smábátæigenda.

## Kosningar til Alþingis

Það hefur ekki farið fram hjá neinum hér inni að kosið verður til Alþingis eftir rúmar viku. Í fyrra vorum við með eins konar framboðsfund hér sem heppnaðist ágætlega. Þar var leitað svara við eftirfarandi spurningum:

- Strandveiðar - afstaða til kröfunnar um samfelldar strandveiðar
- Veiðigjöld - afstaða til kröfu um afslátt á veiðigjald fyrir útgerðir sem jafnframt hafa vinnslu
- Makrílveiðar – afstaða um að gefa makrílveiðar færabáta frjálssar

Óbreytt staða að því undanskildu að spyrja um afstöðu til þrepaskiptingar veiðigjalds.

## Lífeyrissjóður

Við þessa fyrir sögn dæsa menn yfirleitt. En það er nú af og frá hjá mér. Ég færir allur í aukana staðráðinn í að verja ykkar hagsmuni í Gildi lífeyrissjóði sem meirihluti ykkar greiðir í.

Á ársfundi sjóðsins flutti ég að venju tillögu sem að mínu mati var kjörin til að verða upphafið af samvinnu milli fjögurra stærstu lífeyrissjóða landsins.

Tillagan var eftirfarandi:

Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs 2017 ályktar að stjórn sjóðsins óski nú þegar eftir viðræðum við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóð verslunarmanna og Birtu lífeyrissjóð um stofnun sameiginlegs stýrihóps sjóðanna um erlendar fjárfestingar. Hlutverk hans yrði að móta sameiginlega stefnu um erlendar fjárfestingar og hafa umsjón með þeim að öllu leyti.

Greinargerð: Fjárfestingar erlendis eru gríðarlega áhættusamar. Tillögunni er ætlað að sameina þekkingu og krafta sjóðanna til væntanlegra fjárfestinga. Þá er henni einnig ætlað að draga úr erlendum umsýslukostnaði sjóðanna sem nemur milljörðum á ári hverju. Má í því sambandi nefna að umsýslukostnaður Gildis-lífeyrissjóðs við erlendar fjárfestingar á árinu 2015 nam 705 milljónum eða litlu minna en skrifstofu og stjórnunarkostnaður alls sjóðsins.

Skemmst er frá því að segja að tillagan hlaut ekki góðar viðtökur. Hvorki hjá framkvæmdastjóra Gildis né forystusveit. Að mínu mati var það sameiginlegt í málflutningi þeirra að ræða ekki kjarna málsins sem er að byggja á bestu mögulegri þekkingu þegar tekin er ákvörðun um að ávaxta fé sjóðfélaga erlendis.

Ég tel nauðsynlegt félagsmenn góðir að þið íhugið það sem hér fer á eftir sem byggt er á fundargerð ársfundarins.

*Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri Gildis sagði lífeyrissjóðina ólíka innbyrðis, með ólík markmið og stefnur. Einnig væru tæknilegir örðugleikar við framkvæmdina. Þá væri dregið úr áhættudreifingu kefisins í heild með sameiginlegum fjárfestingum.*

*Guðmundur Ragnarsson formaður VM sagði innri uppbygging sjóða vera ólíka þrátt fyrir að þeir starfi í sama landinu, sem kalla á ólíka þörf fyrir fjárfestingar. Hann væri þess vegna ekki tilbúinn að mæla með tillögunni.*

*Sigurður Bessason formaður Eflingar sagði tillöguna gera ráð fyrir að setja ákvarðanir í hendur á öðru fólki, ákvarðanir fara lengra frá stjórn sjóðsins og raunar úr hennar höndum. Örfáir aðilar myndu þá ráða yfir gríðarmiklum fjármunum og í andstöðu við niðurstöðu rannsóknarskýrslunnar.*

*Örn Pálsson taldi ekki hafa komið fram haldbær rök gegn tillögunni. Tillagan yrði örugglega til þess að ná niður kostnaði auk þess sem betri fjárfestingartækifæri næðust. Allir væru á höttunum eftir því að sinna þessari þjónustu. Örn var sannfærður um að samtal milli stærstu lífeyrissjóðana myndi leiða til þess að betri árangur næðist. Lífeyrissjóðir hafa þegar sameinast um að fjárfesta í framtakssjóðum og alveg eins hægt að gera það á elendum vettvangi. Það væri tímabært núna. Fjármunir sjóðsins geymdir í 29 sjóðum víðs vegar um heiminn. Þörf er á miklum krafti til að hafa þekkingu á öllum þessum hlutum.*

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar varð sú að tillagan fékk aðeins mitt atkvæði, aðrir sem tóku þátt í atkvæðagreiðslunni greiddu atkvæði gegn henni

## Á aðalfundarárinu hélt stjórn LS fjóra fundi.

Ég vil hér nota þetta tækifæri til að þakka stjórnarmönnum afar gott samstarf og samvinnu, jafnframt sem ég þakka Kristjáni Torfa Einarssyni, Friðþjófi Jóhannssyni, Guðlaugi Gunnarssyni og síðast en ekki síst Þorvaldi Garðarssyni sem hverfur úr stjórn, ásamt því að hætta í útgerð og snúa sér til annarra verkefna. Ykkur er öllum þakkað fyrir vel unnin störf í þágu smábátæigenda

### **Félagsstarfsemi**

Öll svæðisfélögin 16 héldu aðalfundi nú í haust á þeim dögum sem tilkynntir höfðu verið á almanaki LS. Við Axel mættum á alla fundina utan Farsæls í Vestmannaeyjum, þ.s. samgönguferfiðleikar hindruðu för. Mæting var misgóð hefði víðast mátt vera betri. Öll félögin samþykktu tillögur til aðalfundarins sem nú bíða umfjöllunar. Nokkrar breytingar urðu í stjórnnum félaganna. Á fundunum ríkti mikil eindrægni og eru menn staðráðnir í að fylkja sér um LS hér eftir sem endranær.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka fyrir fundina og góðar ábendingar sem þar komu fram.

Áfram verður haldið á þeirri braut að nýta samtakamátt okkar til afsláttar á innkaupum og lækkun kostnaðar hjá ykkur. Olíuútboðið hefur heppnast

gríðarlega vel og fært félagsmönnum milljónir í lækkun kostnaðar við olíukaup.

## Snæfell fjölmennasta svæðisfélagið

Snæfell er stærsta svæðisfélagið innan LS með 121 báta, Félag smábátæigenda á Austurlandi með 107 og Klettur þriðja stærsta félagið með 96 báta á bakvið sig. Frekari upplýsingar um stærð félaganna er í

**AÐALFUNDUR  
2017**

aðalfundarmöppunni á heimasíðunni.

## Miðlun upplýsinga til félagsmanna og kynning á starfsemi LS

[www.smabatar.is](http://www.smabatar.is) er mikið notað af félagsmönnum. Á tímabilinu milli aðalfunda hefur teljarinn á heimasíðunni hækkað um 220.087, það er 603 að meðaltali hvern dag ársins, sem er fækkun um 16 að meðaltali á dag frá síðasta ári. Á móti kemur vaðallinn (facebook) sem nýtur sífellt meiri vinsælda.

Á tímabilinu hafa verið birtar 214 fréttir á heimasíðunni sem eru 22 færri en á síðasta 12 mánaða tímabili, sem er aðeins lægra en markmiðið sem er að hafa eina frétt á hverjum virkum degi.

**Brimfaxi** félagsblaðið okkar hefur að venju komið út tvisvar á tímabilinu, um áramót og við sjómannadag. Kann ég ritstjóranum Arthuri Bogasyni fv. formanni LS bestu þakkir fyrir.

Rétt er að minnast á vegtillu sem okkar fyrrverandi formaður og heiðursfélagi LS fékk á árinu en það voru verðlaun Íslensku sjávaútvegssýningarinnar fyrir framúrskarandi framlag til íslensks sjávarútvegs



Arthur er vel að þeim kominn – til hamingju Arthur.

Grásleppunefnd þakka ég góð störf í vandasömu verki á grásleppu-vertíðinni. Að öllu óbreyttu var sl. ár það síðasta sem nefndin verður starfandi, en á ákveðið var á fundi stjórnar þann 28. júlí að leggja nefndina niður.

## Starfsfólk

Samstarfsfólki mínu á skrifstofu LS, Oddbjörgu og Axeli formanni, þakka ég fyrir einstaklega vel unnin störf og gott samstarf á árinu. Axel hefur verið í fullu starfi á skrifstofunni utan grásleppu- og makrílvertíðanna þegar hann sagði sig af launaskrá og rækt starf sitt af stakri þryði.

## Ágætu aðalfundarfulltrúar og gestir

Aðalfundur fær nú það vandasama hlutverk að marka braut næsta árs þar sem ég veit að vandað verður til allra verka. Mikið starf bíður fulltrúanna. Ályktanir eru alls 170, 15 fleiri en í fyrra. Meðtalin er tillaga stjórnar LS til breytinga á samþykktum félagsins.

Aðalfundurinn verður nú pappírslaus sem var tekið upp árið 2012, allar tillögur fundarins afgreiddar á tjaldinu.

Ég mun eftir fremsta megni ganga á milli nefndanna og fylgjast með störfum hér á fundinum og svara fyrirspurnum og verða mönnum innan handar.

Aðalfundarfulltrúar verið velkomnir til 33. aðalfundar Landssambands smábátæigenda. Megum við eiga kröftugan og góðan fund.

Ávarpi mínu lík ég með sama hætti og síðast, vitna til aðila úr stjórnarsýslunni sem sendi mér tölvupóst á 30 ára afmæli LS árið 2015:

*„Það er afdráttarlaus skoðun mín að LS hafi með starfi sínu valdið straumhvörfum, félagsmönnum sínum og íslenskum sjávarútvegi, til mikilla heilla.“*

**Takk fyrir gott hljóð.**